

STJÓRNARTÍÐINDI A 15 — 1971

26. nóvember 1971.

233

Nr. 82.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka innlent lán.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að gefa út til sölu innanlands ríkisskuldabréf eða spariskirteini að upphæð allt að 200 millj. kr.

2. gr.

Heimilt er að verðtryggja skuldabréf þau og spariskirteini, sem gefin verða út skv. 1. gr., með því að binda vexti af þeim og afborganir vísitölu.

Um lánstíma, vexti og önnur lánskjör, svo og fyrirkomulag verðtryggingar fer eftir nánari ákvörðun fjármálaráðherra.

3. gr.

Ríkisskuldabréfin og spariskirteinin, sbr. 1. gr., svo og vextir af þeim og verðbætur, skulu undanþegin skattlagningu og framtalsskyldu á sama hátt og sparifé, sbr. 21. gr. laga nr. 68/1971. Skuldabréfin og spariskirteinin skulu hins vegar skráð á nafn eiganda.

4. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að gefa út ný ríkisskuldabréf eða spariskirteini, skv. ákvæðum 2. gr., eftir því sem á þarf að halda, til sölu innanlands, í stað þeirra, er upphaflega verða útgefin skv. ákvæðum 1. gr., að viðbætti áfallinni verðlagsuppbót.

5. gr.

Lánsfé því, er aflast með sölu bréfa og spariskirteina skv. 1. og 4. gr., er fjármálaráðherra heimilt að verja samkvæmt nánari ákvörðun Alþingis.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 26. nóvember 1971.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.

Stjórnartíðindi A 15, nr. 82. Útgáfudagur 29. nóvember 1971.

A 29